



# NOTENDALEIÐBEININGAR FYRIR

## INVACARE REA® FOCUS HJÓLASTÓL

**OKTÓBER 2004**

Trönuhrauni 8  
220 Hafnarfjörður  
Sími 565 2885 / Fax 565 1423  
[stod@stod.is](mailto:stod@stod.is) / [www.stod.is](http://www.stod.is)

# EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit .....	1
Lýsing á Rea® Focus .....	2
ATHUGIÐ! .....	2
Til athugunar við afhendingu.....	3
Daglegt eftirlit .....	3
Hlutar hjólastólsins .....	3
Að lyfta hjólastólnum .....	3
Flutningur .....	4
Samsetning .....	5
Stillingar .....	6
Fótafjalir/fótleggjahvílur.....	6
Fótafjalir og kálfastuðningur .....	6
Sæti .....	7
Bak .....	7
Að stilla hæð baks.....	7
Bak úr „velcro“ – riflásur.....	8
Armar .....	8
Að stilla hæð arma.....	8
Bremsur.....	9
Að stilla bremsurnar .....	9
Keyrsluhandföng.....	9
Hæð keyrsluhandfanga stillt.....	9
Flutningur hjólastóla í ökutækjum.....	10
Til athugunar fyrir flutning hjólastóla í ökutækjum .....	10
Aðferðir við að festa hjólastólinn .....	11
A. Framfestingar með ólum .....	11
B. Aftari ólar .....	11
C. Mjamabelti og öryggisbelti spennt.....	11
D Mjaðmabelti.....	11
Viðhald og meðferð.....	12
Ábyrgð .....	12
Þrif .....	12
Hjól og hjólbarðar.....	12
Viðhald.....	12
Endingartími .....	12
Aukahlutir .....	13
Stúffjöl .....	13
Bak með tveimur hallastillingum.....	13
Veltivörn .....	13

## LÝSING Á REA<sup>®</sup> FOCUS

Rea<sup>®</sup> Focus hjólastóllinn hefur fjölda stillingarmöguleika og völ er á margvíslegum aukahlutum fyrir hann. Í því skyni að tryggja það að hjólastóllinn nýtist þér eins vel og kostur er á, og að möguleikar hans njóti sín til fulls, er nauðsynlegt að fagmaður fari yfir hann og stilli hann áður en hann er tekinn í notkun. Við vonum einnig að þú hafir fengið leiðbeiningar um daglega notkun Rea<sup>®</sup> Focus hjólastólsins.

Rea<sup>®</sup> Focus rammi, fótafjalir og drifhringir eru gerðir úr áli í hæsta gæðaflokki. Viðkvæmir hlutar, rörin í bakinu og innri rörin í fótahvílunni eru gerð úr stáli. Sætið er úr plasti og auðvelt er að þrifa það. Sessan og bólstrunin í bakinu og áklæði eru gerð úr pólýester eða plussi.

Í þessum notendaleiðbeiningum er hinum ýmsu hlutum hjólastólsins lýst, greint frá því hvernig gera skal einfaldar stillingar, hvernig nota eigi hjólastólinn á öruggan hátt og hvernig eigi að flytja hann. Vinsamlegast lesið notendaleiðbeiningarnar gaumgæfilega áður en hjólastóllinn er tekinn í notkun.

Í notendaleiðbeiningunum eru einnig ábendingar varðandi það hvernig aukabúnaði og fylgihlutum er komið fyrir á hjólastólnum og hvernig flóknar stillingar eru gerðar.

Þar sem völ er á margs konar aukabúnaði og fylgihlutum fyrir Rea<sup>®</sup> Focus hjólastólinn kann að vera að þeir hlutir sem eru í þinni eigu séu öðruvísi útlits en þeir sem sýndir eru í notendaleiðbeiningunum.

## ATHUGIÐ!



### Þetta er viðvörumerki.

Hér á eftir koma ýmsar ábendingar sem varða öryggi þitt. Lestu þær gaumgæfilega!

Invacare<sup>®</sup> tekur einungis ábyrgð á breytingum sem gerðar hafa verið af starfsmönnum sem njóta viðurkenningar okkar. Við áskiljum okkur rétt til að gera hvers konar breytingar á gerð og búnaði án þess að gera viðvart um það fyrirfram.

Brestur á því að farið sé eftir gefnum leiðbeiningum getur leitt til meiðsla á notanda og/eða skemmda á hjólastólnum.

- Gakktu úr skugga um eftirtalið áður en þú tekur hjólastólinn í notkun:
  - að allir hlutar hans séu tryggilega festir við rammann
  - að öll hjól, handföng og hnúðar séu tryggilega hert
  - að bremsur og veltivörn starfi rétt
- Lyftið aldrei hjólastólnum með því að taka í arma hans, fótafjalir, bakstuðning eða keyrsluhandföng.
- Settu ætíð bremsurnar á áður en þú ferð úr hjólastólnum eða í hann.
- Stattu aldrei á fótafjölinni þegar þú ferð úr hjólastólnum eða í hann vegna hættu á að hann velti.
- Ef halla sætis er breytt eykur það jafnan hættuna á því að hjólastóllinn velti.

- Drifhringurinn getur hitnað vegna núnings og það getur valdið bruna á höndum.
- Notaðu jafnan veltivörnina.
- Minnstu þess að það dregur úr virkni bremsu þess sem aðstoðarmaður stýrir í vætu og hálfu og einnig þegar ekið er í brekku.
- Gættu þess að tryggja það að drifhjólin séu fest vandlega á hjólastólinn.
- Ekki má taka drifhjólin af meðan notandinn situr í hjólastólnum.
- Eftir því sem meira er slakað á „velcro“ böndunum í bólstrun sætisbakisins eykst hættan á því að hjólastóllinn velti.
- Ef sól skín lengi á hluta hjólastólsins, svo sem áklæði hans eða grindarhluta, getur hiti á yfirborði þeirra hjólastólshluta orðið meira en 41°C.

## TIL ATHUGUNAR VIÐ AFHENDINGU

Gakktu úr skugga um að allir hlutir passi við afhendingarseðil. Hvers kyns tjón sem orðið hefur í flutningi skal tilkynna samstundis til flutningsaðila. Geymdu allar umbúðir þar til flutningsaðili hefur rannsakað vöruna og komist hefur verið að samkomulagi.

## DAGLEGT EFTIRLIT

Aðgættu hvort eftirtaldir hlutar hjólastólsins séu ekki á sínum stað og virki eðlilega:

- Hjól
- Bak
- Veltivörn
- Keyrsluhandföng
- Fótafjalir

## HLUTAR HJÓLASTÓLSINS (sbr. mynd bls 5)

- |                      |                |
|----------------------|----------------|
| 1. Rammi             | 8. Drifhringur |
| 2. Kross             | 9. Bremsur     |
| 3. Bak               | 10. Framhjól   |
| 4. Keyrsluhandföng   | 11. Veltivörn  |
| 5. Sæti              | 12. Armur      |
| 6. Hjólnöf drifhjóls | 13. Hliðarhlíf |
| 7. Drifhjól          | 14. Fótafjöl   |

## AÐ LYFTA HJÓLASTÓLNUM

Lyftu alltaf hjólastólnum með því að taka um grind hans á þeim stöðum sem merktir eru á meðfylgjandi teikningu (sbr. mynd bls. 5). Lyftu aldrei hjólastólnum með því að taka um færanlega arma eða fótafjalirnar. Gættu þess að bak og keyrsluhandföng séu tryggilega fest á sínum stað.

## FLUTNINGUR (sbr. myndir bls 10)

Þegar þú þarft að flytja Rea® Focus hjólastólinn geturðu auðveldlega fjarlægt tiltekna hluta hans svo hann verði fyrirferðarminni og léttari.

### 1. Byrjaðu á því að fjarlægja armana. (sbr mynd 1. bls 10)

#### Lyftu örmunum upp og aftur

Þrýstu á hnappinn (A) og lyftu arminum upp og aftur.

Togaðu arminn beint upp (vera kann að þú þurfir að halla arminum aðeins fram á við og toga hann síðan beint upp) (B).

### 2. Fótafjöl og fótleggjahvíla. (sbr. mynd 2. bls 10)

**2a** Fjarlægðu fótafjölin með því að þrýsta á lárétta stöngina (B) og snúa fótafjölinni ýmist inn á við eða út á við og toga beint upp.



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli ramma og fótafjalara.**

**2b** Fjarlægðu fótleggjahvíluna með því að þrýsta lárétta stönginni (C) fram á við um leið og fótleggjahvílunni er snúið út og toguð beint upp.



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli ramma og fótleggjahvílu.**

#### Varðandi bremsur (eingöngu fyrir fótafjöl m.kálfapúða)

Bremsustöngin sem handfangið er á þarf að leika laus. Bremsustöngin leggst sjálfkrafa saman eftir að fótleggjahvílum hefur verið snúið í ytri stöðu án þess að bremsan sé sett á. Bremsurnar verða sjálfkrafa virkar á ný við að fótleggjahvílum er snúið í innri stöðu án þess að bremsur séu teknir af. Til að setja bremsurnar á skal setja bremsustöngina í fremstu stöðu.

### 3. Keyrsluhandfang á baki (sbr. mynd 3-4 bls 10)

Þrýstu á hnappinn og ýttu keyrsluhandfanginu niður á við.

### 4. Dragðu stólinn saman með því að taka í handfangið í miðri setunni og toga upp.



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli hluta stólsetunnar.**

5. Fjarlægðu drifhjolin með því að þrýsta á hnappinn í miðri hjólnöfinni og toga jafnframt í hjólið. (sbr mynd 5 bls 10)

6. Að endingu skal leggja veltivörnina saman upp á við. (sbr myndir á bls 32).

## SAMSETNING (sbr. myndir bls 11-12)

1. Settu drifhjólin á með því að þrýsta á hnappinn í miðri hjólnöfnni um leið og þú lætur öxulinn renna inn í drifhjólshfestinguna.



**ATH. Það er mjög mikilvægt að þú gætir þess að stauturinn sem læsir hjólinu falli í læsinguna þegar hnappinum í miðri hjólnöfnni er sleppt. Taktu um hjólið og reyndu að losa það. Það ætti þér EKKI að takast.**

2. Það er hægt að fella sætið í sundur með tvennum hætti.

- A. Hjólastóllinn er dreginn í sundur með því að þrýsta handfanginu í miðri setunni beint niður.
- B. Lyftu drifhjólunum rétt aðeins upp og togaðu keyrsluhandföngin í sundur. Sætisplötturnar falla þá niður með smelli.



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli hluta stólsetunnar.**

3. Settu keyrsluhandfangið á bakinu í festingar sínar. Veittu því athygli að nabbinn á að falla í gatið.
4. Settu arma á með því að setja þá í festingarnar á bakinu og þrýsta þeim svo fram á við og niður þar til þeir falla í réttar skorður.



**ATH. Ekki setja finger þína neins staðar á sætisgrindina. Þegar um er að ræða arma sem unnt er að taka af skal einungis þrýsta þeim í viðtökin.**

5. Fótafjöl, fótleggjahvíla.

Það er hægt að útbúa hjólastóllinn með hvort heldur sem er, fótafjöl eða fótleggjahvílu með kálfapúða.

### 5a. Fótafjöl

Settu fótafjölin á með því að þrýsta rörinu á efri hluta hennar niður í rörin á hjólastólnum. Fótafjalirnar verða að snúa út þegar þú setur þær á.

Læstu fótafjölunum með því að snúa þeim inn á við. Fótafjalirnar læsast sjálfkrafa þannig að ekki er hætt á að þær losni af hjólastólnum.



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli fótafjalara og ramma hjólastólsins.**

### 5b. Fótafjöl með kálfapúða

Settu fótleggjahvíluna á með því að þrýsta rörinu á efri hluta hennar niður í rörin á hjólastólnum. Fótleggjahvílan verður að snúa út þegar þú setur þær í.

Læstu fótleggjahvílunum með því að snúa þeim inn á við. Fótleggjahvílurnar læsast sjálfkrafa þannig að ekki er hætt á að þær losni af hjólastólnum.

Stefna fótafjalarinnar er stillt með hnúðnum (A).



**ATH. Gættu þess að finger þínir klemmist ekki milli fótafjalarinnar og ramma hjólastólsins.**

#### **Varðandi bremsur**

Bremsustöngin sem handfangið er á þarf að leika laus. Bremsustöngin leggst sjálfkrafa saman eftir að fótleggjahvílum hefur verið snúið í ytri stöðu án þess að bremsan sé sett á. Bremsurnar verða sjálfkrafa virkar á ný við að fótleggjahvílum er snúið í innri stöðu án þess að bremsur séu teknir af. Til að setja bremsurnar á skal setja bremsustöngina í fremstu stöðu.

## **STILLINGAR** (sbr. myndir bls 13)

### **FÓTAFJALIR/FÓTLEGGJAHVÍLUR**

Það er mikilvægt að stilla fótafjalir, fótleggjahvílur og kálfapúða til að seta í stólnum verði þægileg.

#### **1. Hæðarstilling fótafjalar**

Hæð fótafjalar er stillt með því að losa um skrúfuna (A) um einn og hálfan snúning með sexkantlykli. Það mun heyrast skrölt meðan skrúfunni er snúið til að stilla hæðina. Eitt „skrölt“ er eitt þrep í hæðarstillingunni. Togaðu í fótafjölinu þar til hún er komin í rétta hæð og skrúfan fellur í eitthvert vikanna á rörinu. Hertu svo skrúfuna.

**Ath. Ekki snerta efri skrúfuna (C).**



**Ath. Fjarlægðin milli neðsta hluta fótafjalarinnar og flatarins sem hjólastóllinn stendur á skal vera að minnsta kosti 40 mm.**

#### **2. Hæðarstilling fótleggjahvílu með kálfapúða**

Stilltu hæðina á sama hátt og fótafjölin er stillt og lýst er hér að ofan.

#### **3. Stefna fótleggjahvílu stillt**

Stefna fótleggjahvílunnar er stillt með stilliskrúfunni (B).

Losaðu upp á stilliskrúfunni, u.þ.b. einn hring. Hægt er að stilla stefnuna á bilinu 80° til 0°. Hertu stilliskrúfuna aftur þegar búið er að stilla stefnu fótleggjahvílunnar. Fjarlægðin milli neðsta hluta fótleggjahvílunnar og flatarins sem hjólastóllinn stendur á skal vera að minnsta kosti 40 mm.

### **FÓTAPLATA OG KÁLFASTUÐNINGUR**

#### **1. Fótaplata með stillanlegum halla**

Stilltu halla og dýpt með því að losa skrúfuna (A) á festingu fótaplötunnar með 5 mm sexkantlykli. Stilltu fótaplötuna í rétta stillingu og hertu skrúfuna að nýju.



**Ath. Ekki leggja neitt á fótaplötuna meðan skrúfan er laus.**

## 2. Kálfastuðningur

Hægt er að stilla dýpt (halla) kálfastuðningsins á fjóra mismunandi vegu. Ýttu púðanum fram á við. Losaðu skrúfu (B) með sexkantlykli. Fjarlægðu stóru róna (C) á móthliðinni og settu hana í viðtökin hinum megin. Settu kálfastuðninginn í nýja stöðu og festu hann með skrúfunni.

Auðvelt er að stilla hæð kálfastuðningsins með stilliskrúfunni (D).


### SÆTI (sbr. myndir bls 14)

#### 1. Sæti án innfelldrar sessu

#### 2. Sæti með innfelldri sessu

#### 3. Framhliðar sætis stilltar

Hægt er að stilla aðra framhlið sætis í einu. Losaðu skrúfuna (A). Togaðu sætishliðina fram eins langt og þú æskir (hámark er 5 cm). Hertu skrúfuna aftur.


 **Ath. Aðeins má gera breytingar á stillingum innan þeirra marka sem sýnd eru.**

#### 4. Framhliðar sætis fjarlægðar

Hægt er að fjarlægja framhliðar sætis með því að taka aðra í einu. Losaðu skrúfuna (A) og togaðu framhliðina út.

#### 5. Að stilla dýpt sætis

Fjarlægðu armana. Losaðu skrúfurnar tvær (B) og þrýstu rörinu í þá stöðu sem óskað er. Hertu skrúfurnar aftur.

 **Ath. Ef dýpt sætis er aukin án þess að drifhjólin séu einnig færð aftar eykst hættan á því að notandi hjólastólsins falli aftur yfir sig.**

#### 6. Að stilla breidd sætis

Hægt er að breikka sætið um 2,5 cm. Fjarlægðu armana og sætisbólstrunina. Losaðu skrúfurnar tvær (C) og breyttu stillingunni.

Losaðu einnig skrúfuna (D) við enda grindarrörsins og breyttu stillingunni. Hertu skrúfurnar að nýju (C) og (D).

### BAK (sbr. myndir bls 15)

#### Að stilla hæð baks

1. Klipptu með skærum á plastböndin (A) neðst á áklæðinu á bakinu. Legðu svo hjólastólinn lítið eitt saman með því að lyfta undir setuna.

 **Ath. Endurnýjaðu alltaf plastböndin þegar búið er að stilla bakið og hnýttu þau tryggilega.**

2. Losaðu skrúfuna (B) aftan á rörinu á bakinu með sexkantlykli. Nú er unnt að hækka og lækka bakið. Hertu skrúfuna aftur. Festu áklæðinu á bakinu aftur með nýjum plastþráðum að stillingu lokinni.

### **Bak úr „velcro“ – riflásam. ( sbr. myndir bls 16)**

Ef bakið hefur verið hækkað skal brjóta neðri hluta riflásaáklæðisins niður, en það ætti að hylja bakið eins mikið og unnt er. Mundu að festa neðsta riflásinn í festingarnar á bakinu því þessi riflás heldur áklæðinu á sínum stað.

### **3. Lögun baks**

Hægt er að stjórna lögun baksins með riflásunum og mæta þannig þörfum notandans fyrir stuðning og auka þægindi hans. Notandi hjólastólsins ætti að sitja í honum á meðan verið er að stilla bakið. Það er til dæmis hægt að herða á böndum bak við lendar til þess að auka stuðning við mjóhrygg og auðvelda notanda að sitja uppréttur. Þegar búíð er að gera allar breytingar skal draga áklæðið aftur niður yfir riflásana og festa það.

### **4. Bakhalli**


Losaðu skrúfuna (A) innanvert og skrúfuna (B) utanvert á rörinu í bakinu. Hallaðu bakinu eins og óskað er með því að snúa hjámiðjunni (C) milli 6° áfram og 13° aftur á bak) annað hvort með hendinni eða með sexkantlykli. Hertu skrúfurnar aftur. Endurtaktu þetta hinum megin á hjólastólnum.

## **ARMAR**

**Að stilla hæð arma** (sbr. myndir bls 16)


### **1. Armar á lömum sem hægt er að lyfta upp**

Ef hjólastóllinn þinn er útbúinn með örmum sem hægt er að hækka og lækka er það gert með því að losa um skrúfuna (A), færa arminn í þá stillingu sem óskað er eftir og herða skrúfuna að nýju.

 **Ath. Gættu þess að klemma ekki fingurna milli armsins og hliðar hjólastólsins þegar verið er að stilla hæðina.**

### **2. Armar sem hægt er að taka af**

Ef hjólastóllinn þinn er útbúinn með örmum sem hægt er að taka af er það gert með því að toga arminn upp á við og losa skrúfuna (B) undir arminum. Flyttu skrúfuna upp eða niður í þá stöðu sem óskað er eftir og hertu hana aftur. Láttu arminn síga niður aftur.

 **Ath. Gættu þess að klemma ekki fingurna milli armsins og hliðar hjólastólsins þegar verið er að stilla hæðina.**

## **BREMSUR** (sbr. myndir bls 22)

Bremsurnar eru settir á með því að ýta handfanginu (A) fram á við. Bremsurnar eru losaðir með því að toga handfangið aftur (að notandanum).

**⚠ Ath. Gættu þess að klemma ekki fingurna á milli bremsustangarinnar og hjólbarðans.**

### **Að stilla bremsurnar**

1. Fullvissaðu þig um að réttur loftþrýstingur sé í hjólbörðunum (upplýsingar um það eru skráðar á hliðar hjólbarðanna). Síðan á að losa skrúfuna með sexkantlykli, renna bremsunum í þá stöðu sem óskað er eftir og herða að nýju. Rétt bil á milli bremsustangarinnar (B) og hjólbarðans er um það bil 15 mm.

**Ath. Ekki má færa bremsurnar lengra fram en sýnt er á örinni (C).**

2. Ef þörf er á að stilla bremsurnar frekar skal losa skrúfuna (D) undir bremsufestingunni og renna festingunni í nýja stöðu. Síðan skal herða skrúfurnar (D) á nýjan leik.

## **KEYRSLUHANDFÖNG** (sbr. myndir bls 23)

### **Hæð keyrsluhandfanga stillt**

1. Hæð keyrsluhandfanga er breytt með því að snúa hnúðnum og færa handfangið í þá stöðu sem óskað er eftir. Að svo búnu skal herða að nýju.
2. Þegar gatið (A) er sýnilegt rétt ofan við festinguna er handfangið í réttri stillingu til að læsast.

## FLUTNINGUR HJÓLASTÓLA Í ÖKUTÆKJUM

Rea® Focus hjólastóllinn hefur sætt öryggisprófunum vegna árekstra í samræmi við ISO-7176-19-2001 staðalinn. Rea® Focus hjólastóllinn má nota til flutninga í ökutækjum sem hafa verið sérstaklega útbúin í þeim tilgangi. Það verður að festa hjólastóllinn tryggilega í ökutækið samkvæmt þeim leiðbeiningum sem gefnar eru hér á eftir. **Mundu að besta lausnin er ætíð að notandi hjólastólsins fari úr honum og í venjulegt sæti í bifreiðinni meðan á ökuferð stendur.**

### TIL ATHUGUNAR FYRIR FLUTNING HJÓLASTÓLA Í ÖKUTÆKJUM

- Við mælum með því að notendur hjólastóla sitji fremur í venjulegu sæti í ökutækinu og noti þann öryggisbúnað sem þar er að finna.
- Hjólastólar eru prófaðir í grunnstillingum. Þeir hafa ekki verið prófaðir stilltir á annan hátt.
- Aukahluti á hjólastólnum (borð, bakka o.p.h.) skal annað hvort festa tryggilega við hjólastóllinn eða taka þá af honum og koma fyrir á tryggu stað í ökutækinu meðan á ferð stendur.
- Ekki má gera breytingar á hjólastólnum, hvorki burðargrind hans né öðrum hlutum, eða setja í hann íhluti án skriflegs samþykkis frá Invacare®.
- Notandi hjólastólsins skal nota mjaðmabelti sem fest er við hjólastóllinn og skal það vera til viðbótar við þriggja punkta öryggisbeltið.
- Ekki má láta hluta hjólastólsins, svo sem arma eða hjól vera á milli beltisins og notanda hjólastólsins (sjá mynd hér að neðan).
- Festa verður hjólastóllinn tryggilega við ökutækið með fjögurra punkta festingu sem uppfyllir kröfur ISO 10542-2 staðalinn og í samræmi við leiðbeiningar sem gefnar eru í handbók.
- Hjólastóll sem notandi situr í skal snúa fram og stöðubremsa skal vera á.
- Við prófanir er notuð brúða sem er 75 kg að þyngd í samræmi við staðal ISO 7176-19 þótt hjólastóllinn sé samþykktur fyrir allt að 125 kg þunga notendur.
- Staðan á baki hjólastólsins ætti að vera sem næst 90°.
- Ef unnt er að koma því við ætti að nota hnakkapúða meðan á ökuferð stendur til að draga úr hættu á hálsmeiðslum. Hnakkapúðinn ætti að vera eins ofarlega og unnt er.

Vinsamlega veitið því athygli að þótt hjólastólnum og þessum leiðbeiningum sé ætlað að auka öryggi getur svo farið að meiðsl verði á notanda hjólastólsins ef árekstur **eða önnur óhöpp eiga sér stað og ekki er veitt nein ábyrgð gegn slíku.**

## AÐFERÐIR VIÐ AÐ FESTA HJÓLASTÓLINN (sbr. myndir bls 26)

### Rea® Focus

#### A. FRAMFESTINGAR MEÐ ÓLUM


1. Festu fremri ólarnar um fremri hluta ramma hjólastólsins.
2. Losaðu bremsurnar og strekktu ólarnar með því að standa fyrir aftan hjólastólinn og toga hann aftur.
3. Settu bremsurnar á aftur.


#### B. AFTARI ÓLAR

1. Festu krókana á aftari ólunum við rammann rétt aftan við festingar drifhjólanna.
2. Strekktu ólarnar.

#### C. MJAÐMABELTI OG ÖRYGGISBELTI SPENNT

1. Gakktu úr skugga um að mjaðmabeltið á hjólastólnum sé rétt spennt.
2. Spenntu þriggja punkta öryggisbeltið um notandann.

 **Ath.** Ef mjaðmabelti er ekki mælum við með því að notandi hjólastólsins sitji fremur í sæti ökutækisins ef þess er kostur.

 **Ath.** Gæta skal þess að hlutar hjólastólsins séu ekki á milli notanda og öryggisbeltis.

#### D MJAÐMABELTI

1. Mjaðmabeltið er fest við bakið, sjá mynd D.

## VIÐHALD OG MEÐFERÐ

### ÁBYRGÐ

Priggja ára ábyrgð frá afhendingardegi er á Rea® Focus hjólastólnum.

### ÞRIF

- Strjúkið reglulega af málmhlutum og áklæði hjólastólsins með rökum klút. Nota má milt hreinsiefni. Ef þörf er á má þvo áklæðið við 40°C. Nota má venjulegt þvottaefni.

### HJÓL OG HJÓLBARÐAR

- Þurrka skal af hjólaöxlum og smyrja þá með olíudropa.
- Á loftfylltum hjólbörðum eru ventlar svipaðir þeim sem eru á bifreiðahjólbörðum og hægt er að nota loftdælu af sömu gerð og notuð er fyrir bifreiðar. Mælt er með því að loftþrýstingur í hjólbörðum sé:
- Venjulegir hjólbardar: 3,5 bör 50 pund á ferþumlung
- Þunnbarðar (low profile): 7,0 bör 90 pund á ferþumlung
- Framhjól: 2,5 bör

**⚠ Ath. Gætið þess að dæla ekki of miklu lofti í hjólbardana þar sem það getur valdið því að þeir springi.**

### VIÐHALD

- Aðeins má nota varahluti frá framleiðanda eða varahluti sem framleiðandi hefur samþykkt notkun á.
- Allt viðhald skal fara fram hjá viðurkenndum aðilum og vera unnið af viðurkenndum tæknimönnum. Viðurkenndur tæknimaður eða þjónustudeild Invacare ætti að fara yfir hjólastólinn einu sinni á ári. Á Íslandi skulu eigendur hjólastólsins snúa sér til HTS – hjálparkæki-stoð, Trönuhrauni 8, 220 Hafnarfirði, sími 565 2885.
- Vikulega skal fara yfir hjólastólinn. Ef vart verður við bilanir eða skemmdir skal strax hafa samband við þjónustuaðila.

### ENDINGARTÍMI

Áætlaður endingartími Rea® Focus hjólastólsins er um fimm ár. Það er erfitt að tiltaka endingartíma framleiðsluvarnings Invacare® nákvæmlega og sá tími sem hér er tilgreindur er nálgun sem byggist á venjulegri notkun. Sé hjólastóllinn lítið notaður mun hann endast umtalsvert lengur og góð meðferð og reglulegt og viðeigandi viðhald lengir einnig endingartíma. Eins getur endingartími orðið skemmri ef mikið mæðir á hjólastólnum.

## AUKAHLUTIR

### STÚFFJÖL (sbr. mynd bls 29)

1. Settu fótahvíluna á með því að þrýsta rörinu á efri enda hennar niður í rörið á hjólastólnum. Fótahvílan verður að vísa út meðan verið er að setja hana á. Læstu fótahvílunni með því að snúa henni inn á við. Fótahvílurnar læsast af sjálfum sér þannig að ekki er hætt á því að þær losni af hjólastólnum.
2. Losaðu skrúfuna (A) á festingu púðans til að stilla dýpt hennar og halla. Losaðu skrúfurnar tvær (B) til að stilla hæð púðans.

### BAK MEÐ TVEIMUR HALLASTILLINGUM (sbr. myndir bls 29)

#### 1. Halli

Að neðan er hallinn stilltur á sama hátt og lýst er hér að framan.

Efri liðirnir eru stilltir með því að losa sexkantskrúfurnar (A) eins og sýnt er á skýringarmyndinni, stilla bakhallann eins og óskað er eftir og herða að nýju.

#### 2. Hæð


Efri hluti baksins er stillanlegur. Losaðu skrúfurnar (B) og stilltu í þá hæð sem óskað er eftir. Ef bakið hefur verið lækkað þarf að lagfæra neðri hluta áklæðisins. Færðu áklæðið í rétt horf og fjarlægðu þá riflása sem ekki er þörf á eins og sýnt er á skýringarmyndinni.

Neðsta riflásinn á að þræða í gegn um götin framan á bakfestingunni (C). Það kemur í veg fyrir að áklæðið færist upp á við.

## VELTIVÖRN (sbr. myndir bls 32)

Veltivörnin er einnig ástig fyrir aðstoðarmann. Auðvelt er að stilla hæð hennar.

1. Skiptu um plasttappana á rörinum og settu í staðinn þá sem fylgja með. Settu veltivörnina á rörið og festu hana með bolta (A) og ró (B).
2. Þrýstu á hnappinn og veldu þá hæð sem æskileg er. Gakktu úr skugga um að veltivörnin læsist í nýrri stöðu.

 **Ath. Aldrei má gleymast að setja veltivörnina niður.**